

Tillögur Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta hreindýra og ágangssvæði árið 2026

Hálfván H. Helgason og Kristín Ágústsdóttir





NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Skýrsla nr: NA-250279	Dags: Desember 2025	Dreifing: Opin
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Tillögur Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta hreindýra og ágangssvæði árið 2026	Síðufjöldi: 27	
	Upplag: aðgengileg á http://www.na.is	
Ljósmynd á forsíðu: Hreindýrahópur undir Bratthálsi á fengitíma 2025	Fjöldi korta: 0	
	Fjöldi viðauka: 0	
Höfundar: Hálfán H. Helgason og Kristín Ágústsdóttir		
<p>Náttúrustofa Austurlands (NA) áætla stofnstærð hreindýra fyrir burð árið 2026, varlega áætluð 4000 dýr. Miðað við þær forsendur sem að jafnaði er gengið út frá má áætla að sumarstofn við upphaf veiðitíma í júlí verði um 5000 dýr. Út frá þeim forsendum og viðbúinni dreifingu á veiðitíma leggur Náttúrustofan til að veidd verði 936 dýr, 437 tarfar og 499 kýr. Það er aukning á heildarkvóta um 37 tarfa og 234 kýr frá veiðiarinu 2025. Helstu breytingar eru:</p> <ul style="list-style-type: none">Alls fundust 1361 kýr og vetrungar með 710 kálfum í sumartalningum á svæðum 2, 7 og 8. Það er nokkuð meira en búist var við. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum er lagt til að kvóti á þessum svæðum verði aukinn umtalsvert til að draga úr beitarálagi og hættu á ofbeit. Hins vegar er lagt til að kúaveiðar verði ekki leyfðar milli Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal, í tilraun til að jafna beitarálag á svæðinu til lengri tíma.Talið er að töluverður hluti þeirra dýra sem fundust í sumartalningu á svæðum 2 og 7 gangi á svæði 6 í vetrarveit. Kvóti ársins 2026 tekur mið af þessu, en bent er á að hækkun á kvóta á svæðum 6 og 7 ætti ekki að auka álag á Krossdalshóp og Fáskrúðsfjarðarhóp umfram það sem verið hefur.Enginn kúakvóti verður settur á svæði 4 en kvóti í svokölluðum Mjóafjarðarhópi verður færður yfir á svæði 5 þar sem að hópurinn heldur sig mest allt árið. Sé þess þörf verði heimilt að fella dýr úr þeim hópi sunnanvert í Mjóafirði á veiðitíma. <p>Lagt er til að mörk veiði - og ágangssvæða verði óbreytt og að veiðitímabil verði einnig óbreytt. Þannig fari veiðar á törfum fram frá 15. júlí til 15. september en veiðar á kúm verði frá 1. ágúst til 20. september. Einnig verði kúaveiði heimiluð frá 1. til 20. nóvember á svæðum 8 og 9. Eins og fyrr er lagt til að kálfar og veturgamlir tarfar verði friðaðir. Þrátt fyrir tillögur um óbreytt mörk veiðisvæða er mikilvægt að hefja vinnu við endurskoðun þeirra.</p>		
Lykilorð: Veiðikvóti, ágangssvæði, þéttleiki, hreindýrahagar, frjósemi, burður, talningar, nýliðun, aldurs- og kynjasamsetning.	ISSN nr: ISSN 2547-7447 (rafræn útgáfa)	
Yfirfarið: KÁ	ISBN nr: ISBN 978-9935-543-29-5 (rafræn út.)	

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Töfluskrá.....	4
English summary	5
Inngangur	6
Stærð hreindýrastofnsins og þéttleiki í vetrarhögum	7
Vöktun hreindýra 2025	9
Vetrartalning	10
Sumartalning	11
Fengitímatalning.....	14
Samráð við vinnslu kvóta	16
Tillaga að veiðikvóta 2026, veiðitíma og mörkum veiði – og ágangssvæða	17
Rökstuðningur fyrir kvótasetningu á einstökum veiðisvæðum	20
Svæði 1	21
Svæði 2	21
Svæði 3	22
Svæði 4	23
Svæði 5	23
Svæði 6	24
Svæði 7	25
Svæði 8	25
Svæði 9	26
Þakkir	26

Myndaskrá

1. mynd. Mörk veiðisvæða (t.v.) táknuð með ólíkum litum og mörk ágangssvæða (t.h.). Einnig eru sýnd mörk sveitarfélaga með rauðum brotalínum. Bakgrunnskort byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun. 6
2. mynd. Ástand beitarhaga skv. flokkun Grólinnar eftir veiðisvæðum (afmörkuð með þykkum svörtum línum) og talningasvæðum (afmörkuð með þynnri svörtum línum). Bakgrunnskort byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun. 8
3. mynd. Leitarferlar í vöktunartalningum auk staðsetninga og stærðar talinna hreindýrahópa árið 2025. Bakgrunnskort byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun. 9
4. mynd. Hlutfall hyrndra kúa í apríl (auðir hringir) og fjöldi kálfa á taldar kúr og vetrunga í júlí (fylltir hringir) árin 2000 til 2025. 13
5. mynd. Mörk talningasvæða táknuð með ólíkum litum og mörk veiðisvæða með þykkari línum auðkennd með númerum. Bakgrunnskort byggt að gögnum frá Náttúrufræðistofnun. 20

Töfluskrá

- Tafla 1. Stærð veiðisvæða og beitarhæfra svæða samkvæmt flokkun Grólinnar á hverju veiðisvæði, áætlaður fjöldi dýra að vetri 2025-2026, þéttleiki dýra á beitarhæfum svæðum fyrir burð og viðbúið veiðiálag miðað við kvótatillögur (Tafla 5). Hér er fjöldi dýra að vetri á svæði 6 vanáætlaður þar sem viðbúið er að um 400 – 600 dýr af svæðum 2 og 7 kunni að ganga þar að vetri. Reiknað veiðiálag á veiðisvæði 6 gefur einnig skakka mynd þar sem gert er ráð fyrir að hluti kvóta þar verðir veiddur á svæði 2. 7
- Tafla 2. Fjöldi dýra sem fundust í vetrartalningu 21. mars - 9. apríl 2025 eftir kyni, aldri, veiðisvæðum og hlutfall hyrndra kúa. 11
- Tafla 3. Niðurstöður sumartalninga 6. júlí 2025 eftir talninga- og veiðisvæðum. 12
- Tafla 4. Niðurstöður fengitímatalninga 29. september – 14. október 2025 eftir talninga- og veiðisvæðum. 14
- Tafla 5. Tillögur Náttúrustofu Austurlands um hreindýraveiðikvóta eftir kynjum á hverju veiði- og ágangssvæði (númer innan sviga) 2026 auk kvóta 2025. Einnig er sýnd breyting á milli kvótatillögu og kvóta síðasta árs. 19

English summary

The East Iceland Nature Research Centre (Náttúrustofa Austurlands) estimates that the reindeer population before calving in 2026 will be around 4,000 animals (a cautious estimate). Based on the assumptions typically used, this corresponds to a summer population of about 5,000 animals at the beginning of the hunting season in July. From these assumptions and the expected distribution of the animals during the hunting season, the Nature Research Centre proposes that 936 animals should be harvested: 437 bulls and 499 cows. This represents an increase in the total quota of 37 bulls and 234 cows compared to the 2025 hunting year. The main changes are:

- A total of 1,361 cows and yearlings with 710 calves were found during the summer survey in areas 2, 7, and 8 - significantly more than anticipated. Based on these results, the Centre proposes a substantial increase in the quota in those areas to reduce risk of overgrazing. However, the Centre proposes that cow hunting is not permitted between Jökulsá í Fljótsdal and Jökulsá á Dal, as an attempt to balance grazing pressure within the area over the long term.
- It is believed that a considerable share of the animals found during summer in areas 2 and 7 overwinter in area 6. The 2026 quota takes this into account, but it is advised that quota increases in areas 6 and 7 do not increase harvest pressure on the Krossdalur flock and the Fáskrúðsfjörður flock beyond current levels.
- No cow quota will be set in area 4, but the quota for the so-called Mjóifjörður flock will be transferred to area 5, where those animals now appear to stay for most of the year. If needed, animals from that group may be taken from the southern side of Mjóifjörður during the hunting season.


Náttúrustofa Austurlands notes that it may be necessary to review the hunting-area boundaries but proposes that the boundaries of both hunting and grazing areas remain unchanged. It is also proposed that the hunting seasons remain unchanged with bull hunting from the 15th of July to the 15th of September, and cow hunting from the 1st of August to the 20th of September. Cow hunting should also be permitted from the 1st to the 20th of November in areas 8 and 9. As before, calves and yearling bulls should remain protected.

Inngangur

Frá árinu 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýra- stofninum. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing dýra, aldurs- og kynjahlutföll, frjós- emi, og nýliðun. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól (kvóta), ástand stofnsins og ágang hreindýra á einstakar jarðir. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um arðsskiptingu (1. mynd). Það byggir á upplýsingum um hagagöngu hreindýra sem safnað er allan ársins hring.

Kvótatillaga Náttúrustofunnar miðar að því að nýting stofnsins á afmörkuðum og skil- greindum veiðisvæðum (1. mynd) sé sjálfbær og í samráði við hagsmunaaðila.

Í þessari skýrslu eru kynntar tillögur Náttúrustofunnar um veiðikvóta 2026 og gerð grein fyrir forsendum þeirra tillagna.



1. mynd. Mörk veiðisvæða (t.v.) táknuð með ólíkum litum og mörk ágangssvæða (t.h.). Einnig eru sýnd mörk sveitarfélaga með rauðum brotalínum. Bakgrunnskort byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun.

Stærð hreindýrastofnsins og þéttleiki í vetrarhögum

Undanfarin 5-10 ár hefur skapast töluverð óvissa um fjölda dýra, m.a. vegna breyttrar dreifingar og samgangs dýra á mismunand tímum árs og vegna þess að talningar úr lofti hafa ekki gengið sem skyldi af ýmsum ástæðum. Fram til ársins 2023 hafði talning að vetri ekki farið fram síðan 2014, en miðað er við að þær fari fram á 3-5 ára fresti. Gerð var tilraun til vetrartalningar 2023 sem ekki var fullnægjandi og var því vetrartalning endurtekin 2024 og aftur 2025. Talningar að vetri eru taldar gefa góða mynd af fjölda dýra á vissum svæðum.

Stofnmat fyrir burð 2023 var áætlað 4080 hreindýr, miðað við kvóta þess árs (901 dýr) og viðbúna nýliðun umfram náttúruleg afföll (1020 dýr) hefði stofninn átt að telja um 4200 dýr eftir veiðar 2023. Í vetrartalningu 2024 fundust aftur á móti ekki nema um 3100 dýr sem taldist þá vera lágmarksstærð stofnsins fyrir burð 2024. Kvóti ársins 2024 miðaði við fyrra mat, enda lágu niðurstöður vetrartalningar ekki fyrir þegar kvóti var gefin út. Með tilliti til þeirrar óvissu sem hafði skapast um raunverulega stærð hreindýrastofnsins var kvóti ársins 2024 varfærinn og ákvarðaður 800 dýr í stað u.þ.b. 1100 dýra miðað við hefðbundið veiði-álag.

Vetrartalning 2024 var talin heppnast ágætlega, misvel eftir svæðum, en þó fundust ekki nema 3100 dýr. Auk upplýsinga sem að fengust við vöktunartalningar á öðrum svæðum var talið að raunsætt stofnmat gæti verið um 3600 dýr. Veiðiálagi var samt sem áður haldið lágu við kvótasetningu 2025 og varfærinn kvóti settur sem 665 dýr.

Við vetrartalningu 2025, seinni hluta mars fram í fyrri hluta apríl, fundust 3018 dýr (Tafla 2) en þá var komin betri mynd en árið áður á nokkur svæði sem að upplýsingar skorti um og auðveldara var að fylla í eyðurnar. Vöktunartalningar á öðrum tímum árána 2024 og 2025 hafa svo skýrt myndina enn frekar. Þó er enn óvissa um fjölda, samsetningu og dreifingu dýra á ákveðnum svæðum, einkum á veiðisvæði 1 en heilt yfir mun minni óvissa en var undanfarin ár og ekki er talin þörf á að halda veiðiálagi eins lágu og síðustu þrjú ár.


Tafla 1. Stærð veiðisvæða og beitarhæfra svæða samkvæmt flokkun Gróllindar á hverju veiðisvæði, áætlaður fjöldi dýra að vetri 2025-2026, þéttleiki dýra á beitarhæfum svæðum fyrir burð og viðbúið veiðiálag miðað við kvótatillögur (Tafla 5). Hér er fjöldi dýra að vetri á svæði 6 vanáætlaður þar sem viðbúið er að um 400 – 600 dýr af svæðum 2 og 7 kunni að ganga þar að vetri. Reiknað veiðiálag á veiðisvæðum 2, 6 og 7 gefur því einnig skakka mynd þar sem gert er ráð fyrir að hluti kvóta á svæði 6 verði veiddur úr hópum sem ganga milli svæðamarka 2, 6 og 7.

Veiði-svæði	Heildar flatarmál	Beitarhagi Gróllind (km ²)	Áætlaður stofn að vetri	Dýr/km ² að vetri	Viðbúið veiðiálag
1	8703	3990	650	0.16	0.24
2	3302	2224	800	0.36	0.19
3	1080	671	360	0.54	0.25
4	676	286	70	0.24	0.07
5	680	340	380	1.12	0.24
6	1089	624	270	0.43	0.35
7	1131	488	790	1.62	0.24
8	1125	316	540	1.71	0.24
9	699	229	150	0.66	0.20
Alls	18485	9168	4010	0.44	0.23

Við vöktunartalningar árið 2025 var í fyrsta skipti í sögu hreindýravöktunar á Íslandi notuð þyrlla sem gaf mjög góða raun. Mun betri yfirsýn fæst úr þyrllu samanborið við flugvél og auðveldara er að nálgast og ljósmynda hópa á þann hátt. Farin voru tvo flug í tengslum við burðartalningar sem sinnt er vegna vöktunar á breytingum á burðarsvæðum í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar, þrjú flug rétt fyrir veiðitíma í sumartalningu og tvö flug á fengitíma, auk þess sem að hluti svæða var talinn af landi. Í sumartalningu voru svæði 2, 7, 8 og 9 leituð úr lofti (3. mynd og Tafla 3) og á fengitíma voru svæði 5, 6, 7 og 8 leituð úr lofti en hlutar veiðisvæða 1, 2 og 6 leituð af jörðu (Tafla 3).

Út frá þeim gögnum sem aflað hefur verið er varlega áætlað að viðbúin stofnstærð fyrir burðartíma 2026 verði í kringum 4000 dýr (Tafla 1) eða um 5000 dýra sumarstofn, þó að það mat sé vissulega byggt á misnákvæmum upplýsingum.

Þéttleiki í beitarhögum eftir veiðisvæðum er mjög breytilegur. Veturinn 2025-2026 er áætlað að hann verði að meðaltali 0,4 dýr á hvern ferkílómeter beitarhæfs lands á öllum veiðisvæðum skv. skilgreiningu Gróllindar (ástandsflokkar 3-5), minnst 0,2 dýr á km² á svæði 1 og mest 1,7 dýr á km² á svæði 8 (Tafla 1). Vert er að hafa í huga að gæði beitarhaga eru mjög misdreifð innan hvers veiðisvæðis eins og sjá má á 2. mynd.




2. mynd. Ástand beitarhaga skv. flokkun Gróllindar eftir veiðisvæðum (afmörkuð með þykkum svörtum línum) og talningasvæðum (afmörkuð með þynnri svörtum línum). Bakgrunnskort byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun.

Vöktun hreindýra 2025

Árleg vöktun hreindýra fer að jafnaði þannig fram að upplýsingum um frjósemi er safnað í flugtalningum í apríl, kálfahlutföll, fjölda kúa og veturgamalla dýra í júlí og kynja- og aldurs-hlutföll í byrjun október. Vöktun árið 2025 fór fram með því sniði nema að ekki var farið í sérstakar talningar til að mæli frjósemi í apríl en áhersla lögð á vetrartalningu í mars-apríl (3. mynd).

Hér er gerð stuttlega grein fyrir helstu þáttum vöktunar NA en þess ber að geta að einnig berst mikið af upplýsingum árið um kring frá leiðsögumönnum, veiðimönnum, bændum og öðru áhugafólki um hreindýr sem koma oft að mjög góðum notum við vöktunina.



3. mynd. Leitarferlar í vöktunartalningum auk staðsetninga og stærðar talinna hreindýrahópa árið 2025. Bakgrunnskort byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun.

Vetrartalning

Vetrartalning 2024 tókst ágætlega, misvel á milli svæða, en þá fundust 3063 dýr sem að þó var um 1000 dýrum minna en áætlað hafði verið. Ljóst mátti telja að ekki hafi öll dýr fundist en sú talning renndi þó stoðum undir að fyrra stofnmat hafi verið ofmat. Þær upplýsingar sem að fengust í vetrartalningu 2024 vöktu vonir um að vetrartalningar gætu gefið góða mynd á svæðum þar sem erfiðlega hafði gengið að finna dýr úr lofti. Því var ákveðið að fara í annað talningarátak veturinn 2025. Ekki var lagt upp með talningar úr lofti en leitað var til staðkunnugra leiðsögumanna og áhugafólks um hreindýr um að telja af jörðu á öllum veiðisvæðum. Upphaflega var áætlað að talningar hæfust 15. mars og talið yrði fram til mánaðarloka. Veður og færð voru óhagstæð í upphafi talningatímabils og stóðu því talningar lengur en áætlað var, eða fram til 9. apríl. Það er ekki talið hafa komið að sök og hætta á tvítalningu lítil. Tvö tilfelli komu upp þar sem grunur lék á tvítalningu og í báðum tilfellum voru hópar ekki teknir með í niðurstöðum talningar. Í öðru tilfallinu voru það um 33 dýra hópur á svæði 3 sem fannst 6. apríl sem kann að hafa verið talinn daginn áður. Í hinu tilfallinu var um að ræða 52 dýra hóp sem var myndaður fyrst 25. mars á Svínadal. Þann 3. apríl barst tilkynning um að dýrin hefðu sést utarlega á Svínadal og stefndu út með Teiga-gerðistindi og að sama dag hefði nokkuð stór hópur sést á Eskifjarðarheiði. Leitað var á báðum stöðum 4. apríl en einungis fannst hópur í Öskjubotnum en sá taldi 56 dýr. Miðað við viðbúinn fjölda á svæðinu var talið að þarna væri ekki hægt að útiloka að um sama hóp væri að ræða, þó að munur á samsetningu hópsins milli talninga vekti eftirtekt. Eftir á að hyggja, út frá talningu á fengitíma er líklegast að um hafi verið að ræða tvo mismunandi hópa og heildarfjöldi dýra ætti því líklega að vera 52 dýrum hærrí í vetrartalningu á svæði 5.

Í heildina fundust færri dýr í vetrartalningum 2025 en árið á undan, 3018 dýr (Tafla 2). Talningar tókust nokkuð vel á svæðum 2, 3, 6 og 9 en verr gekk á öðrum svæðum. Vonir voru um að ná góðri talningu á svæði 1 en það gekk ekki eftir. Brúardalahópurinn fannst og var talinn en auk hans var einungis talinn einn 174 dýra hóp á Vopnafjarðarheiðum. Þó fréttist af dýrum við Bakkafjörð sem ekki fengust nákvæmar talningar á. Í vetrartalningu 2024 fundust 574 dýr á svæði 1 en 2025 fundust einungis 292 dýr. Á svæði 2 fundust árið 2024 274 dýr en 552 dýr veturinn 2025, en þá var meiri áhersla lögð á að leita austurhluta svæðisins. Á svæði 3 fundust 348 dýr að lágmarki árið 2025 en árið 2024 fundust einungis 255 dýr. Illa gekk að leita og finna dýr á svæði 4 og einungis fannst einn 20 tarfa hópur á Völlum. Á svæði 5 fundust að lágmarki 185 dýr, þ.a. 108 dýr úr Gerpishópi en það svæði er mjög torfarið að vetri og því langt frá fullleitað. Tveir hópar, 56 og 21 dýr voru mynduð inn af Eskifirði en 52 dýra hópi var sem fyrr segir sleppt vegna mögulegrar tvítalningar. Í vetrartalningu 2024 fannst nánast sami fjöldi, 184 dýr, en þá fundust 140 dýr á Gerpissvæðinu og einungis 44 dýr á Eskifjarðarheiði. Á svæði 6 fundust 724 dýr í vetrartalningu 2025 en 710 dýr árið áður, dreifing dýranna var þó nokkuð önnur en mun fleiri dýr voru í Breiðdal 2024. Þá fundust þar 408 dýr en núna 235 dýr. Svipaður fjöldi fannst milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar en meira fannst af dýrum í Skriðdal og á Austurheiðum, 326 dýr í vetrartalningu 2025 en 155 dýr árið áður. Nokkuð erfiðlega gekk að telja á svæði 7, en þar fundust 387 dýr samanborið við 560 dýr árið áður. Á svæði 8 fundust aftur á móti 300 dýr samanborið við 218 dýr árið áður en í talningunni 2025 var talið að einn eða fleiri hópar sem að jafnaði gengju innan svæðamarka 7 hefðu fært sig yfir á 8. Á svæði 9 fundust 210 dýr en í lok nóvemberveiða árið 2024 var talið að fundist hefðu á svæðinu 258 dýr. Í ljósi þess hvað fannst á svæðum 7, 8 og 9 í seinni talningum er ljóst að við vetrartalningar hafi ekki fundist nema hluti dýranna sem þar

voru þó að vissulega megi einnig skýra þær breytingar að hluta með færslu dýra á milli svæða.

Frjósemi er yfirleitt könnuð með því að mæla hlutfall hyrndra kúa í apríl. Þar sem áhersla var lögð á að ná vetrartalningu var ákveðið að samnýta átakið sem að virtist gefa góða raun í vetrartalningu 2024. Nokkuð lægra hlutfall dýra var kyn- og aldursgreint samanborið við talningu 2024 en þó var hornastaða tilgreind á 724 kúm og voru 668 þeirra hyrndar og þ.a.l. líklega kelfdar eða 92,3% samanborið við 89,6% vorið 2024 á 651 kúm (Tafla 2).

Frjósemis hlutfall upp á 92,3% er nokkuð hátt en hafa ber í huga að vetrartalningar hófust um miðjan mars og stóðu fram undir miðjan apríl en frjósemistalningar fara að jafnaði fram um miðjan apríl og því mögulega ekki alveg samanburðarhæfar. Síðan mælingar hófust árið 2001 hefur frjósemin mælst um 87% að meðaltali (svið: 82-96). Flest bendir því til þess að frjósemi hafi verið metin í hærri kantinum veturna 2024-2025 og 2023-2024 út frá vetrartalningum. Hlutfall hyrndra kúa á svæði 8 var þó áberandi lágt en þar verður að hafa í huga að samkvæmt upplýsingum frá athugendum voru 105 dýr ógreind m.t.t. til kyns og aldurs og inn í þeirri tölu var 77 dýra hópur sem samanstóð mest af kúm og kálfum sem kynni að breyta hlutfallinu nokkuð.

Tafla 2. Fjöldi dýra sem fundust í vetrartalningu 21. mars - 9. apríl 2025 eftir kyni, aldri, veiðisvæðum og hlutfall hyrndra kúa.

Veiði- svæði	Kollóttar kýr	Hyrndar kýr	Kálfar	1V tarfar	2V tarfar	≥3V tarfar	Ógr.	Alls	% hyrndrar kýr
1	9	131	70	4	7	52	19	292	93.6%
2	18	220	84	19	4	62	145	552	92.4%
3	11	143	69	23	10	55	37	348	92.9%
4						20		20	
5	3	83	49	12	7	6	25	185	96.5%
6						8	716	724	
7	3	52	15	7	1	46	263	387	94.5%
8	12	39	21	11	18	94	105	300	76.5%
9							210	210	
Alls	56	668	308	76	47	343	1520	3018	92.3%

Sumartalning

Meginmarkmið talninga í júlí er að mæla framleiðni stofnsins en ef að slíkar talningar takast vel geta þær gefið góða mynd af heildarfjölda kúa, vetrunga og kálfa innan svæða. Framleiðni stofns er metin sem fjöldi kálfa á hverja kú og vetrung í stofni, þar sem ekki er alltaf hægt að greina á milli kúa og vetrunga á þeim tíma. Þann 6. júlí 2025 voru veiðisvæði 9, 8, 7 og 2 leituð úr lofti. Flogið var frá Skaftafelli, um svæði 9 og hluta 8 og svo lent á Höfn til að taka eldsneyti. Þá var haldið áfram með svæði 8, þaðan inn á svæði 7 og síðan stuttlega yfir á svæði 2 áður en lent var á Egilsstöðum og aftur tekið eldsneyti (3. mynd). Eftir það var flogið aftur á svæði 2 og leit haldið áfram en svo flogið til baka inn á svæði 8 um Víðidal og aftur í Skaftafell.

Talningin tókst mjög vel og er talið að notkun þyrilu, í stað flugvélar, hafi þar átt mjög stóran þátt en alls fundust 2354 dýr (Tafla 3). Flest dýr fundust á svæði 2 eða 910 en af því fundust

aðeins 74 dýr á Vesturöræfum, restin fannst á Múla og Austurheiðum. Ekki voru leituð önnur svæði innan svæðismarka 2. Næst flest dýr fundust á veiðisvæði 7 eða 761, en þar var ekki leitað í Hamarsdal sunnanverðum, Búlandsdal né í Berufirði sökum tímaskorts. Á svæði 8 fundust 489 dýr, flest nærri svæðamörkum veiðisvæðis 7 eða 200 dýr á Lónsöræfum og 57 á Lónsheiði. Á svæði 9 fundust 194 dýr sem var nokkuð minna en búist var við.


Tafla 3. Niðurstöður sumartalninga 6. júlí 2025 eftir talninga- og veiðisvæðum.

Veiði-svæði	Talningasvæði	Kýr og vetrungar	Kálfar	Tarfar tveggja vetra og eldri	Ógr.	Alls	Kálfar á 100 kýr og vetrunga
2	Austurheiðar - veiðisvæði 2	156	86	29	0	271	55.1
	Múli	354	210	0	1	565	59.3
	Vesturöræfi	47	27	0	0	74	57.4
	Alls	557	323	29	1	910	58.0
7	Fossárdalur	20	16	0	0	36	80.0
	Geithellna - og Múladalur	53	27	0	0	80	50.9
	Hamarsdalur	73	36	7	0	116	49.3
	Hofs- og Flugustaðadalur	202	106	12	0	320	52.5
	Lónsheiði og Starmýrardalur	131	56	22	0	209	42.7
Alls	479	241	41	0	761	50.3	
8	Lón Vestur	54	18	8	0	80	33.3
	Lónsöræfi	123	77	0	0	200	62.6
	Nes	148	51	10	0	209	34.5
	Alls	325	146	18	0	489	44.9
9	Mýrar	59	25	7	0	91	42.4
	Suðursveit	66	25	12	0	103	37.9
	Alls	125	50	19	0	194	40.0
Alls	Alls	1486	760	107	1	2354	51.1

Kálfahlutföll voru mismunandi milli svæða, 40 til 58 kálfar á hverjar 100 kýr (Tafla 3). Að jafnaði er viðbúinn fjöldi kálfa á hverjar 100 kýr og vetrunga sé um 52 í júlí, samkvæmt meðaltali áranna 2000-2024. Sumarið 2024 fundust 54 kálfar á hverjar 100 kýr og vetrunga en þá voru könnuð svæði 2, 3, 4, 6 og 7. Í ár fannst 51 kálfur á hverjar 100 kýr og vetrunga (4. mynd) en hlutföll kálfa voru áberandi mikið hærri á svæði 2 þar sem voru 58 kálfar á hverjar 100 kýr og vetrunga (Tafla 2). Sem fyrr segir voru svæði 2 og 7 einnig talin sumarið 2024 og fundust þá 52 kálfar á hverjar 100 kýr og vetrunga á báðum svæðum. Hlutföll kálfa hækkuðu því nokkuð á svæði 2 milli ára en lækkuðu lítillega á svæði 7. Kálfahlutföll voru umtalsvert lægri á svæðum 8 og 9 árið 2025 eða 45 og 40 kálfar á hverjar 100 kýr og vetrunga. Á svæði 8 hafa kálfahlutföll verið mjög breytileg í gegnum tíðina, spannað 26-68 kálfa á hverjar 100 kýr og vetrunga en verið um 48 kálfar að meðaltali, í þau 13 skipti sem að sumartalningar hafa farið fram á svæðinu síðan 2002. Á svæði 9 hafa kálfahlutföll að jafnaði mælst nokkuð há, eða 55,4 kálfar á 100 kýr og vetrunga en talningar hafa ekki farið fram nema í fimm skipti síðan árið 2004, síðast 2016. Sýnastærðir á svæði 9 hafa jafnan verið mjög litlar og í raun hefur einungis ásættanleg sýnastærð fengist í tvö skipti frá 2004 auk talningar2025. Vegna

Þessa verður að fara varlega í að túlka niðurstöður á svæði 9 að öðru leiti en að framleiðni hafi verið lítil í samanburði við önnur svæði.

Það sem helst kom á óvart í sumartalningunni var fjöldi dýra sem að fannst á svæðum 2, 7 og 8. Nokkuð erfitt hefur verið að fá mynd á þessi svæði í talningum undanfarin ár og talið að samgangur sé frekar mikill á milli þeirra. Þann 6. júlí fundust 2160 dýr á þessum þremur svæðum, þar af 1361 kýr og vetrungar, 710 kálfar en ekki nema 88 tarfar tveggja vetra og eldri (Tafla 3). Í sumartalningum finnast tarfar mun síður en kýr og ef litið er til þess að fjöldi tarfa tveggja vetra og eldri á kýr og vetrunga, leiðrétt fyrir veiðum á þessum sömu svæðum var 0,48 á fengitíma (0,46 ef austurheiðar á svæði 6 voru teknar með) en voru 0,06 í sumartalningu má gróflega áætla að vantað hafi 660 tarfa (630 ef Austurheiðar voru teknar með) inn í sumartalningu. Þannig má grófáætla að heildarfjöldi fyrir veiðitíma á þessum svæðum hafi verið rúmlega 2700 dýr sem að er töluvert meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Við kvóta-setningu síðasta árs var áætlaður lágmarks sumarstofn á þessum svæðum um 1850 dýr og því ber nokkuð mikið á milli. Þar sem fellipunktur fyrir 2025 hafa ekki borist er erfitt að átta sig á hversu mikið af kvóta á svæði 6 var tekinn af þeim dýrum sem að ganga á Austurheiðum, né heldur hversu mikið af kvóta á svæði 7 var tekinn úr Krossdalshópi. Sé það svipað, sem er allskostar óvíst, má gera ráð fyrir að 245 hafi verið tekinn af þessum dýrum (samanlagður kvóti á svæði 2, 7 og 8). Eftir ættu þá að standa um 2490 dýr eftir veiðar og miðað við áætluð náttúruleg afföll um 2300 dýra stofns á burðartíma er viðbúið að þessi fjöldi dýra skili næsta árið um 580 dýra nýliðun umfram náttúruleg afföll. Þó að þessi áætlun sé gróf er ljóst að auka þarf veiðar á þessum svæðum.



4. mynd. Hlutfall hyrndra kúa í apríl (auðir hringir) og fjöldi kálfa á taldar kýr og vetrunga í júlí (fylltir hringir) árin 2000 til 2025.

Fengitímatalning

Til að nálgast aldurs- og kynjahlutföll þarf að telja hreindýrin á fengitíma. Utan hans eru kynin misdreifð í hjörðunum. Yfirleitt er talið úr lofti í byrjun október en í ár var bæði leitað af landi og úr lofti (3. mynd).

Þann 29. september var leitað af landi á Norðausturheiðum á svæði 1 en aðeins einn hópur fannst nærri Mælifelli og taldi hann 32 dýr (3. mynd). Daginn eftir, 30. september var leitað af landi á Eyjabökkum og Vesturöræfum á svæði 2 og á Sauðárrana innan svæðis 1. Á Vesturöræfum fundust 67 dýr af viðbúnum 150 dýra hópi en um þremur dögum seinna fengust fréttir af því að 140-150 dýr hefðu sést við fjárleitir á Vesturöræfum. Í Sauðárrana fundust 149 dýr sem er líklega nærri heildarfjölda dýra í Brúardalahóp á því svæði, þó er viðbúið að einhver dýr hafi ekki komið fram. Leit austan Snæfells takmarkaðist við Eyjabakka en Kelduá var ófær vegna vatnsstöðu. Þar fundust 171 dýr í 7 hópum, flest dýrin sunnan vegar (3. mynd). Lítið er vitað um fleiri dýr á svæði 2 á þessum tíma en þremur dögum seinna fór Sveinn Ingimarsson um Víðidalsháls og inn að Hornbrynju án þess að verða dýra var. Ekki er ólíklegt að eitthvað hafi leynst innar á Eyjabökkum, jafnvel á Hraunum og svo utar á Múla.

Tafla 4. Niðurstöður fengitímatalninga 29. september – 14. október 2025 eftir talninga-og veiðisvæðum.

Veiði svæði	Talningasvæði	Kýr	Kálfar	1V tarfar	2V tarfar	≥3V tarfar	Ógr	Alls	Tarfa hlutfall
1	Norðausturheiðar	17	10	1	0	3	1	32	19.0%
	Sauðárrani	77	34	12	6	11	9	149	27.4%
	Alls	94	44	13	6	14	10	181	26.0%
2	Múli	71	47	11	4	15	23	171	29.7%
	Vesturöræfi	25	20	6	3	13	0	67	46.8%
	Alls	96	67	17	7	28	23	238	35.1%
5	Eskifjörður	74	43	10	6	12	21	166	27.5%
	Gerpissvæði	104	54	23	10	32	3	226	38.5%
	Alls	178	97	33	16	44	24	392	34.3%
6	Austurheiðar	163	94	29	17	58	11	372	39.0%
	Breiðdalur	7	5	0	0	5	0	17	41.7%
	Fáskrúðs- og Stöðvarfj.	66	41	17	9	16	0	149	38.9%
	Alls	236	140	46	26	79	11	538	39.0%
7	Berufjörður	60	34	10	8	22	2	136	40.0%
	Fossárdalur	38	25	6	4	16	0	89	40.6%
	Geithellna - og Múladalur	118	68	18	8	40	0	252	35.9%
	Hamarsdalur	113	69	15	11	28	0	236	32.3%
	Hofs- og Flugustaðadalur	4	3	2	0	2	20	31	50.0%
Alls	333	199	51	31	108	22	744	36.3%	
8	Lón Austur	16	7	2	0	2	19	46	20.0%
	Lón Vestur	15	2	3	0	4	0	24	31.8%
	Lónsöræfi	21	12	2	3	5	0	43	32.3%
	Nes	37	14	9	4	5	0	69	32.7%
	Alls	89	35	16	7	16	19	182	30.5%
Öll svæði		1026	582	176	93	284	166	2332	35.2%

Þann 2. október var leitað af landi frá Axarvegi, út á Skriðdalsmúla, inn á Brattháls og yfir að Hamarsdalsdrögum, þ.e. innst og vestast á svæði 6 og innst og nyrst á svæði 7. Alls fundust á þessari leið 429 dýr í 19 hópum, en 57 dýr í 5 hópum innan svæðamarka á svæði 7 (3. mynd og Tafla 4), eru undanskilin vegna hættu á tvítalningu því sá hluti svæðisins var leitaður aftur úr lofti þann 14. október.

Talið var úr þyrilu þann 14. október og á svæðum 8, 7, 6 og 5. Flogið var frá Höfn, innstu hlutar svæða 8 og 7 leitaðir en þaðan var flogið út Berufjörð að norðanverðu til að leita að svokölluðum Krossdalshóp á svæði 6. Þaðan var flogið yfir á Stöðvarfjörð og leitað að Fáskrúðsfjarðarhópi á milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Þaðan var svo flogið yfir á Gerpissvæðið á svæði 5 og þaðan á Egilsstaðaflugvöll um Eskifjarðarheiði til að taka eldsneyti. Áætlað var að ljúka talningum með því að fljúga á svæði 7, byrja í Búlandsdal og fylgja svo dölunum suðureftir yfir á svæði 8 til að leita ytri og austari hluta þess svæðis. Það gekk að mestu leiti eftir, en þó verður að draga þann lærdóm af þessum leiðangri að gera ráð fyrir að talningar gangi vel og því þurfi að fara hægar yfir. Þegar komið var á svæði 7 eftir eldsneytistöku á Egilsstöðum varð fljótt ljóst að ekki væri nægur tími til stefnu til að ná að dekka allt það leitarsvæði sem að eftir var. Mikill fjöldi smærri hópa var í og við Hamars- og Geithellnadal sem hægði á talningunni og þegar komið var í Hofsdal var ljóst að einungis væri hægt að leita Hof-, Flugustaða- og Starmýradal og Lónsheiði gróflega áður en að lenda þyrfti á Höfn. Þó að nægjanlegt sé að fá hlutsýni af samsetningu hópa í fengitímatalningum hefði eftir á að hyggja mögulega verið æskilegra að telja einungis svæði 7 og 8 og leita þau vel. Mikilvægar upplýsingar fengust um hópa á svæðum 5 og 6 í talningunni og því ekki hægt að segja annað en að talningin hafi gengið vel (3. mynd og Tafla 4).

Á svæði 8 fundust 182 dýr í 25 hópum en á svæði 7 fundust 744 dýr í 53 hópum (3. mynd) þar af voru 102 dýr í 3 hópum við norðanverðan Berufjörð sem að líklega teljast til svokallaðs Krossdalshóps sem að gengur á svæðamörkum 6 og 7. Innan svæðamarka 6 fundust svo 17 dýr í þremur hópum sem líklega tilheyra einnig Krossdalshópnum en auk þess fundust 149 dýr í 4 hópum sem tilheyra Fáskrúðsfjarðarhópi. Líklega hefur þannig fundist meirihluti þeirra dýra sem tilheyra þessum hópum, en Krossdalsdýrin voru talin vera um 90-100 á veiðitíma í sumar og Fáskrúðsfjarðar hópurinn var talinn vera um 160 dýr fyrir burð 2025. Nokkuð langt var síðan svæði 5 var talið, en árið 2021 voru talin 398 dýr þar í sumartalningu og 109 á fengitíma. Vegna þessa var komin upp nokkur óvissa um fjölda og samsetningu dýra þar og því brýnt að reyna talningu. Fengitímatalning 2025 tókst vel en úr svokölluðum Gerpishópi fundust 226 dýr í 11 hópum og af Reyðarfjarðar/Mjóafjarðar dýrum fundust 166 í þremur hópum alls 392 dýr á svæði 5 (3. mynd og Tafla 4).

Yfirleitt er miðað við að hlutföll tarfa af fullvöxnum dýrum sé á bilinu 37-40% en nú var það í heildina 35% (Tafla 4) Það er nokkuð lægra en meðalgildi fengitímatalninga síðan 2001 (38.9 SD=0.04) en þar sem veiðialag á kýr var með lægsta móti í ár kemur það ekki á óvart. Kynja-samsetning virðist vera nokkuð góð á flestum svæðum, nema á svæði 1 þar sem að tarfahlutfall var mjög lágt (26%) en þar er stór fyrirvari á vegna stærðar og dreifingar sýnis. Stærstur hluti sýnisins fékkst í Sauðárrana úr Brúarhópi en einungis einn 32 dýra hópur fannst á Austurheiðum þar sem viðbúið er að mestur fjöldi dýra hafi verið. Þar töluðu leiðsögumenn um of há tarfahlutföll á veiðitíma sem kann vel að vera en ekki hefur verið hægt að kanna samsetningu hópa á fengitíma með talningarhæfum myndum þar síðan 2021.

Á veiðisvæði 8 var hlutfall tarfa af fullvöxnum dýrum 30,5% (Tafla 4) en þar voru einungis tarfaveiðar leyfðar í kjölfar mjög skekks kynjahlutfalls í vetrartalningu 2024. Í vetrartalningu 2025 voru þessi hlutföll orðin nokkuð réttari en þá var talið að flutningur kúa frá svæði 7 yfir

á svæði 8 gæti skýrt þá breytingu (sjá nánar í umfjöllun um svæði 8). Búist er við því að með kvótasetningu 2026 aukist tarfahlutfall lítilla, aðallega vegna hærra veiðiálags á kýr, en ráðlegt er að leiðrétta tarfahlutföll þar sem þess er talin þörf jafnt og þétt yfir lengri tímabil sé þess kostur til að skekkja ekki aldursamsetningu tarfa um of. Nánar er fjallað um niðurstöður fengitímatalninga fyrir einstök svæði í forsendum kvóta 2025.

Samráð við vinnslu kvóta

Eins og undanfarin ár var leitað til Félags Leiðsögumanna með Hreindýraveiðum (FLH) og óskað eftir umsögnum félagsmanna, sem brugðust vel við þrátt fyrir skamman tíma, en ekki tókst að koma tillögum til þeirra nema með nokkurra daga fyrirvara. Var það einkum vegna þess að umfang talninga var nokkuð meira en í fyrra og fengitímatalning tókst eins vel og raun bar vitni. Því tók úrvinnsla lengri tíma en áður. Stjórn FLH tók beiðni NA vel og kynnti tillögurnar eins og tími gafst til og ræddi við reynda félagsmenn innan hvers veiðisvæðis. Voru félagsmenn einkum beðnir að skoða mat á kynjahlutfalli, fjölda og/eða viðbúna dreifingu hreindýra innan og milli svæða. Einnig bárust umsagnir frá leiðsögumönnum beint til NA sem fengið höfðu kynningu á tillögunum frá stjórn FHL

Stjórn FLH tók saman umsagnir sem bárust og kynnti á samráðs- og vinnufundi með fulltrúum FLH, NA og Náttúruverndarstofnunar (NVS), 3. desember 2025. Farið var yfir upplýsingar sem að lágu fyrir og athugasemdir og upplýsingar sem borist höfðu frá leiðsögumönnum. Einnig var farið yfir upplýsingar frá NVS um dreifingu og fjölda dýra á veiðitíma og árangur og áskoranir á veiðitímabilinu árið 2026. Athugasemdir sem bárust voru í ágætu samræmi við tillögur NA. Flestar athugasemdir sneru að því að kvóti þótti of hár á tilteknum veiðisvæðum, þó aðallega á svæði 2, en aðrar athugasemdir og ábendingar sneru að því að veiðiálag væri ójafnt og hætta væri á að sótt yrði of stíft í ákveðna hópa. Erfitt er fyrir NA að leysa viðvarandi vandamál varðandi ójafnt veiðiálag í hópa eftir aðgengileika þeirra. Við deilum þessum áhyggjum en farsælast hefur reynst að leysa þetta með veiðistýringu sem er að miklu leyti á hendi NVS. NA þakkar áhuga og góðar ábendingar og vonast eftir áframhaldandi góðum samskiptum og samvinnu við kvótatillögur stofnunar í framtíðinni.

Tillaga að veiðikvóta 2026, veiðitíma og mörkum veiði – og ágangssvæða

Við ákvörðun um kvóta hefur lengst af verið miðað við að þéttleiki hreindýra að vetri (fyrir burð) fari ekki upp fyrir 1 dýr á km² beitahæfs lands innan veiðisvæðis og að tarfahlutföll í stofni innan hvers svæðis séu um 36-40% af fullvöxnum dýrum við lok veiða, u.þ.b. 6 tarfar á hverjar 10 kýr. Þá hefur verið miðað við að nýliðun umfram náttúrulega dánartíðni sé að jafnaði 25-27%, þ.e. vísitala stofnvaxtar (λ) væri 1,25-1,27 ef ekki væri veitt úr stofninum. Til grundvallar þeirri tölu liggur svo mat á náttúrulegri dánartíðni sem er breytileg milli kynja og aldurshópa en fastar í tíma þó svo að þeim hafi verið breytt eftir á fyrir ákveðin svæði og tímabil með tilliti til niðurstaða talninga. Yfirleitt er þó gengið út frá að náttúruleg dánartíðni kúa að vetri sé um 3% (1-5%), kálfa 20% (5-45%) og tarfa um 15% (5-17%).

Veiðiárin 2024 og 2025 var ákvarðaður mjög varfærinn kvóti vegna óvissu sem nú hefur dregið úr. Eftir sem áður var talið mikilvægt að stíga varlega til jarðar og því var kvótasetning ársins 2026 miðuð við lægra veiðiálag en almennar forsendur gera ráð fyrir, eða 23% veiðiálag samanlagt fyrir öll veiðisvæði í stað 25-27%. Álagið er þó breytilegt á milli svæða, allt frá 19% á svæði 2 og mest 25% á veiðisvæði 3 (Tafla 1)

Náttúrustofa Austurlands leggur til að hreindýrkvóti ársins 2026 verði 936 dýr, 437 tarfar og 499 kýr. Það er hækkun um 271 dýr frá árinu áður. Mestu munar þar um aukningu á kvóta á svæði 2, 7 og 8 en einnig er lagt til að kvóti aukist á svæðum 1, 3, 5 og 6. Kvótinn minnkar á veiðisvæðum 4 og 9 en kvóti 2025 á svæði 9 miðaði að fækka dýrum á svæðinu og er talið að það hafi náðst (Tafla 5). Gengið er út frá því að fjöldi dýra fyrir burð 2026 verði rétt rúm 4000 dýr (Tafla 1) og miðar kvóti við að halda veiðiálagi nokkuð lágu, eða um 23%.

Lagt er til að mörk veiði- og ágangssvæða verði óbreytt og að veiðitímabil verði einnig óbreytt, þannig að veiðar á törfum fari fram frá 15. júlí til 15. september en veiðar á kúm verði frá 1. ágúst til 20. september. Einnig verði kúaveiði heimiluð frá 1. til 20. nóvember á

Stofnstærð, dreifing og samsetning dýra á **svæði 1** er að því best fæst séð stærsti óvissu-þátturinn nú um mundir. Miðað við takmarkaðar talningar og upplýsingar frá leiðsögu-mönnum er miðað við varlega áætlaða lágmarksstofnstærð og tarfakvóti aukinn eilítið umfram kúakvóta í takti við upplýsingar frá veiðitíma. Hér er þó stigið mjög varlega til jarðar og verður gagnaöflun á svæði 1 í algjörum forgangi fyrir vöktunarárið 2026.

Á **svæði 3** er kvótinn aukinn um 21 dýr frá fyrra ári og þar er ástand talið gott en miðað við tillögur og upplýsingar frá leiðsögumönnum er talið mikilvægt að fá betri mynd af kynjasamsetningu á svæðinu.

Á **svæði 4** er lagt til að kvóti dýra, sem miðað er við að hefðu átt að ganga í Mjóafirði sunnanverðum, verði tekinn á svæði 5 og að engar kúaveiðar verði ekki leyfðar á svæði 4 nema þá í Mjóafirði sunnan Fjarðarár, ef dreifing dýranna á svæðamörkum 4 og 5 verður á þann veg að grípa þurfi til skaranna á veiðitíma.

Í ljósi samgangs milli svæða og hás þéttleika í vetrarstarthögum er lagt til að kvóti hækki umtalsvert á **svæðum 2, 7 og 8** og örlítið á **svæði 6**. Aukningin er samt varfærin en mikilvægt er að afla frekari upplýsinga um fjölda og sérstaklega dreifingu dýra innan þessara svæða næsta árið m.t.t. hvort að auka þurfi frekar veiðar þar. Lagt er til að friða kýr vestan Snæfells sem tilraun til að jafna beitarálag innan svæðis 2 og er kvótatillaga þar er því miðuð við 650 dýr í stað 800 þeirra dýra sem ráðgert er að gangi þar að vetri. Þá er lagt til að hluti kvóta á svæði 6, sem er 95 dýr verði veiddur á Austurheiðum. Reynist forsendur sem unnið er út frá réttar og áætlanir gangi upp er gert ráð fyrir að ekki ætti að fækka á þessum svæðum

samanlagt vegna veiða 2026, enda ekki æskilegt að auka veiðiálag of hratt. Talið er ráðlegra að auka veiðiálag jafnt og stöðugt og er líklegt að það verði verkefni næstu ára.

Í samskiptum við leiðsögumenn komu fram áhyggjur af aukningu kvóta, sér í lagi á svæði 2. Þar er viðbúið að um 800 dýr muni ganga að hluta eða öllu leiti í vetrarhaga. Svæðið er mjög stórt og ætti að geta borið rúmlega 2200 dýr í vetrarheit samkvæmt núverandi viðmiðum (Tafla 1). Dreifing dýranna er og hefur verið þannig undanfarin ár að einungis lítill hluti svæðisins er nýttur, þ.e. svæðið austan Snæfells, einkum talningasvæðunum Undir Fellum, á Múla og Austurheiðum (5. mynd). Eins og fyrr segir hafa svæði þar sem dýrin ganga á veiðisvæðamörkum verið erfið til talninga með flugvélum og af landi og viðbúið að samgangur yfir svæðismörk sé mikill. Nokkuð gróflega má áætla að 400-600 dýr af svæðum 2 og 7 gangi í vetrarhögum á **svæði 6** en snúi aftur til baka fyrir burð. Út frá niðurstöðum sumartalninga 2025 má búast við 2100-2300 dýra vetrarstofni samanlagt á svæðum 2, 7 og 8 sem jafngildir um 0,7 dýrum á km² í vetrarheitahögum. Þar sem aðeins hluti svæðis 2 hefur verið nýttur undanfarin ár eins og áður sagði, eru þessir útreikningar á þéttleika í vetrarheitahögum samanlagt á þessum svæðum of lágur.

Á **svæðum 7 og 8** er þéttleiki dýra í vetrarhögum yfir viðmiðunarmörkum, eða 1,6 og 1,7 dýr á km². Á þessum svæðum er viðbúið að samgangur sé hvað mestur en líklegt er að dýr sem þar eru muni ganga í vetrarhögum á svæði 6 sem að jafnar álagið í 1,1 dýr á km² sé horft samanlagt á 6, 7 og 8. Svæði 6 eitt og sér ber þéttleika upp á 624 dýr og þar eru áætluð 270 dýr vetrinn 2025-2026 (Tafla 1).

Á **svæði 9** virðast fækkunaraðgerðir hafa skilað árangri, svo að þar er dregið úr kvóta sem miðar að því að stofnvöxtur sé enginn.

Þó ekki séu lagðar til breytingar á mörkum veiðisvæða er engu að síður er brýnt að endurskoða svæðamörk sem kom berlega í ljós í umfjöllun hér að framan um ákvörðun um kvóta annars vegar á veiðisvæðum 2, 6, 7 og 8 og hins vegar á veiðisvæðum 4 og 5.


Þá er mikilvægt að skýra stefnumörkun í veiðistjórnun hreindýra þannig að t.d. meta megi hvort rétt sé að bregðast við fækkun dýra innan veiðisvæða með því að takmarka veiðar í einstaka hópa meira en sem nemur viðbúnum stofnvexti eða friða ákveðna hópa alfarið fyrir veiðum einhver ár.

Tafla 5. Tillögur Náttúrustofu Austurlands um hreindýraveiðikvóta eftir kynjum á hverju veiði- og ágangssvæði (númer innan sviga) 2026 auk kvóta 2025. Einnig er sýnd breyting á milli kvótatillögu og kvóta síðasta árs.

Ágangs- og veiðisvæði	Kvóti 2025			Kvóti 2026			Breyting 2025-'26		
	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ
Vopnafjörður og NA (1)	30	45	75	35	58	93	5	13	18
Jökuld N og Selland (2)	10	25	35	20	30	50	10	5	15
Jökulsárhl. utan Sell (3)	5	5	10	5	7	12	0	2	2
Veiðisvæði 1	45	75	120	60	95	155	15	20	35
Jökuldalur A (2)	2	2	4	5	5	10	3	3	6
Hróarstunga (4)	2	2	4	5	5	10	3	3	6
Fell (5)	3	3	6	8	8	16	5	5	10
Fljótsdalur (6)	10	10	20	27	23	50	17	13	30
Vellir V (10)	5	5	10	15	11	26	10	6	16
Skriðdalur V (11)	8	8	16	20	18	38	12	10	22
Veiðisvæði 2	30	30	60	80	70	150	50	40	90
Hjaltastaðapinghá (8)*	2	5	7	4	6	10	2	1	3
Eiðapinghá (9)*	2	5	7	4	6	10	2	1	3
Borgarfjörður (7)	26	30	56	36	35	71	10	5	15
Veiðisvæði 3	30	40	70	44	47	91	14	7	21
Vellir A (10)	2	3	5	0	2	2	-2	-1	-3
Seyðisfjörður, Mjóifj N (12)	0	5	5	0	3	3	0	-2	-2
Veiðisvæði 4	10	15	25	0	5	5	*-10	*-10	*-20
Mjóifjörður S (13)*	8	7	15	12	12	24	4	5	9
Reyðarfjörður (14)	2	4	6	8	8	16	6	4	10
Eski- og Norðfj (13)	8	26	34	25	25	50	17	-1	16
Veiðisvæði 5	20	30	50	45	45	90	25	15	40
Skriðdalur A (11)	10	15	25	12	16	28	2	1	3
Breiðdalur (15)	15	20	35	16	23	39	1	3	4
Stöðvar-/Fáskrúðsfj. (15)	10	15	25	12	16	28	2	1	3
Veiðisvæði 6	35	50	85	40	55	95	5	5	10
Djúpivogur (16)	65	70	135	120	70	190	55	0	55
Veiðisvæði 7	65	70	135	120	70	190	55	0	55
Hornafj.bær (Lón) (17)	0	27	27	50	18	68	50	-9	41
Hornafj.bær (Nes) (18)	0	23	23	45	17	62	45	-6	39
Veiðisvæði 8	0	50	50	95	35	130	95	-15	80
Hornafj.bær (Mýrar) (19)	10	10	20	5	5	10	-5	-5	-10
Hornafj. (Suðursveit) (19)	30	30	60	10	10	20	-20	-20	-40
Veiðisvæði 9	40	40	80	15	15	30	-25	-25	-50
Samtals	265	400	665	499	437	936	234	37	271

Rökstuðningur fyrir kvótasetningu á einstökum veiðisvæðum

Hér á eftir er fjallað um röksemdafærslur vegna ákvörðunar um kvóta innan hvers svæðis fyrir sig og ýmist er vísað til veiðisvæða (1. mynd) eða talningasvæða (3. mynd).



5.mynd. Mörk talningasvæða táknuð með ólíkum litum og mörk veiðisvæða með þykkari línum auðkennd með númerum. Bakgrunnskort byggt að gögnum frá Náttúrufræðistofnun.

Svæði 1

Talningar á svæði 1 hafa gengið illa undanfarin ár. Svæðið er mjög stórt, 8703 km² eða um 47% af heildarflatarmáli allra veiðisvæða samanlagt. Svæðinu er skipt upp í 9 talningasvæði: Sauðárrana, Brúaröræfi, Jökuldalsheiði, Möðrudalsöræfi, Grímsstaðaöræfi, Vopnafjörð, Norðausturheiðar, Útheiðar og Svalbarðsheiðar (3. mynd). Dýrum innan þessara svæða hefur síðustu ár verið skipt í tvennt, Brúardalahóp og Vopnafjarðar eða Norðaustur hóp. Talið er að Brúardalahópurinn hafi haldið sig á Brúaröræfum, Jökuldalsheiði og í Sauðárrana en við fengitímatalningar í haust fundust 149 dýr í Sauðárrana en um vorið í burðartalningu höfðu fundist 85 dýr í Kringilsárrana, þ.a. 40 kýr með 26 kálfa auk 18 vetrunga. Í vetrartalningu þann 26. mars fundust 118 dýr á Jökuldalsheiði. Veiðiálag á þennan hóp er með lægsta móti og þó að fellipunktur fyrir veiðitímabilið 2025 hafi ekki skilað sér er líklegt að það hafi verið svipað eða jafnvel minna en sumarið 2024 en þá voru felld 17 dýr, þ.a. 4 kýr úr hópnum.

Um Norðausturhóp, sem telur megnið af dýrunum á svæðinu, er erfiðara að segja. Í vetrartalningu, 25. mars fundust 174 dýr í Sunnudal (talningasvæði Vopnafjörður), þ.m.t. GPS merkt kýr. Í burðartalningu 19. maí hafði sú kýr fært sig yfir á Norðausturheiðar en þá fundust ekki nema 98 dýr úr þessum hópi, þ.a. 32 kýr með 20 kálfa, 37 vetrungar og 9 tarfar tveggja vetra og eldri. Á fengitíma, 29. september, fannst bara einn hópur á svæðinu og taldi hann 32 dýr. Ákvörðun um kvóta byggir því einkum á upplýsingum frá leiðsögumönnum á veiðitíma. Í byrjun september hafði fengist sú mynd að á Norðausturheiðum væru að lágmarki 400-450 dýr í þremur stærri hópum að ótöldum einhverjum minni hópum í kring. Þá var sömuleiðis tilkynnt um 40-50 dýr, langmest tarfa á leið af Grímsstaðaöræfum inn á Norðausturheiðar. Þá höfðu, fyrr á veiðitíma, einnig fundist í Smjörfjöllum á mörkum talningasvæða Vopnafjarðar og Útheiða um 20-30 tarfar en þeir fundust líklega ekki aftur og kunna að hafa runnið saman við hópa á Norðausturheiði. Samkvæmt lýsingum leiðsögumanna var hátt tarfahlutfall á svæði 1 sem að þeirra mati þyrfti að taka tillit til við kvótasetningu ársins 2026.

Ljóst er að enn ríkir umtalsverð óvissa um fjölda, kynja og aldursamsetningu hreindýra á veiðisvæði 1. Þó má gera ráð fyrir að samtals séu að lágmarki 650-700 dýr á svæðinu sem er nokkuð meira en gert var ráð fyrir við kvótasetningu síðasta árs (530 dýr). Kvóti ársins 2025 miðaði einnig við lágt veiðiálag, 45 kýr og 75 tarfa. **Náttúrustofa Austurlands leggur til að halda veiðiálagi svipuðu en hækka stofnviðmið og auka því heildarkvóta úr 45 kúm og 75 törfum í 60 kýr og 95 tarfa, alls 155 dýr.**

Svæði 2

Svæði 2 er næst stærsta svæðið, á eftir svæði 1, um 3300 km² en af því teljast um 2300 km² sem beitarhæfir hagar skv. flokkun Grólinnar. Undanfarin 5 ár eða svo hefur ríkt óvissa um fjölda og dreifingu dýra á svæði 2 en síðustu 3 ár hefur kvóta þar verið haldið í lágmarki. Nú hefur fengist skýrari mynd á fjölda dýra, en ennþá ríkir óvissa um ferðir dýra á milli svæða, þá aðallega á milli veiðisvæða 2, 6, 7 og 8. Dreifing dýranna innan svæðis hefur breyst mikið á síðustu árum á þann hátt að þungamiðja dreifingar dýranna hefur færst af svæðunum vestan Snæfells, austur fyrir Jökulsá á Fljótssdal.

Fyrir kvótasetningu ársins 2025 var miðað við þann fjölda sem að fannst í vetrartalningu 2024, 274 dýr. Ljóst var að það væri vanmat, en vegna þeirrar óvissu sem hafði verið í nokkur ár um dýrin þar, var ákveðið að gæta fyllstu varúðar. Í vetrartalningu 2025 fundust svo 536 dýr, þ.a. 420 austan Snæfells. Í burðartalningu fundust einungis 283 dýr á svæði 2, þ.a. 86 kýr með 49 kálfa, 94 vetrungar og 54 tarfar tveggja vetra og eldri. Talið var líklegt að hluti þeirra

dýra sem að dvelur að jafnaði á svæði 2 hafi farið út af svæðinu til að bera, eins og GPS-merkta kýrin K1 gerði, en hún bar í Hamarsdal, inni á svæði 7 en kom svo aftur inn á svæði 2 í sumarhaga. Í sumartalningu, 6. júlí, fundust svo 910 dýr á svæði 2, þ.a. einungis 74 vestan Snæfells. Alls töldu þessi dýr 557 kýr og vetrunga ásamt 323 kálfum sem að telst vera mjög gott kálfahlutfall en ekki komu fram nema 29 tarfar tveggja vetra og eldri. Á veiðitíma héldu um 90-100 tarfar sig framan af inni á Víðidal og rúmlega 20 tarfar héldu til á Fljótsdalsheiði í upphafi veiðitíma.

Miðað við þennan fjölda, rétt fyrir og snemma á veiðitímabili er ljóst að kvóti ársins 2025 var mjög lítill, 30 kýr og 30 tarfar. Þegar að leið á veiðitímamann breyttist dreifing dýranna nokkuð og eftir að veiðum lauk fréttist af 150 dýrum á Vesturöræfum þó svo að í landtalningu á fengitíma fundust aðeins 67 dýr. Þá fannst 171 dýr á fengitíma á Eyjabökkum en torfært var um svæðið vegna vatnavaxta og aðeins hægt að leita lítinn hluta líklegra svæða. Ekki er hægt að útiloka að hluti þeirra dýra sem að kom fram í sumartalningu á veiðisvæði 2 hafi flakkað á milli svæða en miðað við þann fjölda sem að fannst á sama tíma á veiðisvæðum 7 og 8 verður að gera ráð fyrir að eftir veiðar hafi að lágmarki verið um eða yfir 800 dýr á svæðinu og líklega hafi um 650-700 dýr af því verið austan Snæfells.

Miðað við fjölda dýra á svæðunum austan Snæfells sem nú er vitað um er ekki lengur hægt að réttlæta að beita varúðarreglu fyrir kvótasetningu. Heildarflatarmál beitarræfra haga á svæði 2 eru sem fyrr segir 2300 km² en þar af eru 1650 km² vestan Snæfells en 650 austan og því ljóst að þéttleiki dýra austan Snæfells er kominn að eða yfir viðmið um 1 dýr á km² beitarræfra að vetri. Tilmæli UST, nú Náttúruverndarstofnunnar til leiðsögumanna um að beina veiðum frekar austur fyrir Jökulsá báru ekki tilætlaðan árangur. Þrátt fyrir lítinn kvóta var þó nokkur hluti felldra dýra veiddur vestan Snæfells. Í samræðum við leiðsögumenn hefur borið á áhyggjum margra þeirra að verði kvótinn aukinn á svæði 2 verði gengið of nærri dýrunum vestan Snæfells. Svæði 2 ætti og hefur getað borið töluvert meiri fjölda en nú er talið að gangi innan svæðis en miðað við núverandi dreifingu er talið nauðsynlegt er gera tilraun til að draga úr þéttleika austan Snæfells. **Náttúrustofan leggur því til að við kvótasetningu verði miðað við 650 dýra vetrarstofn austan Jökulsár í Fljótsdal og að kúaveiðar verði ekki leyfðar norðan ár. Því leggur Náttúrustofan til að kvóti á því veiðisvæði verði hækkaður úr 30 kúm og 30 törfum í 70 kýr og 80 tarfa, alls 150 dýr.**

Svæði 3

Í vetrartalningu á veiðisvæði 3 fundust 348 dýr, jafnvel 381 en talning á 33 dýra hópi var ekki tekin gild vegna möguleika á tvítalningu. Þetta er nokkuð hærra en stofnátætlun gerði ráð fyrir, þ.e. 308 dýr. Ólíklegt er að öll dýr á svæðinu hafi komið fram í vetrartalningu en líklega er þetta mjög nærri heildartölu. Öðrum talningum á svæði 3 var ekki fyrir að fara en samkvæmt viðbúinni nýliðun inn í sumarstofn 1,25 dýr og 70 dýra kvóta má áætla að vetrarstofn muni telja um 360 dýr að vori 2026. Það er í takt við upplýsingar sem bárust frá leiðsögumönnum á veiðitíma. Nokkrir leiðsögumenn bentu þó á að þeim hefði fundist tarfahlutfall nokkuð hátt og minna af kálfum en undanfarin ár. Tarfahlutföll í vetrartalningu voru 36% af veturgömlum dýrum og eldri sem hægt var að greina til kyns og aldurs (N=247) auk 69 kálfa en 30 dýr voru ógreind. Sé tekið tillit til þess að tarfar eru oft í smærri hópum og dreifðari en kýr utan fengitíma og að stór hluti svæðisins er mjög óaðgengilegur fyrir landtalningar er ekki loku fyrir það skotið að tarfahlutföll kunni að vera hærra en talning gaf til kynna. Þar sem ekki liggja fyrir frekari gögn en vetrartalning er talið rétt að fara varlega í að auka tarfa kvóta á svæðinu þar til að frekari gögn liggja fyrir. **Þó þykir rétt með tilliti til þess fjölda dýra sem fundist hefur á svæðinu eftir síðustu kvóta ráðgjöf að hækka kvóta og**

leggur Náttúrustofan til að tarfakvóti verði aukinn úr 40 törfum í 47 og kúakvóti aukist úr 30 í 44 veiðitímabilið 2026.

Svæði 4

Dýrum á veiðisvæði 4 er jafnan skipt í tvo hópa, Seyðisfjarðarhóp (líka kallaður Skálanes-hópur) og Mjóafjarðarhóp (líka kallaður Reykjahópur). Við kvótasetningu fyrir árið 2025 var tekið sérstaklega tillit til þess að fækkað hafði mjög í Seyðisfjarðarhópnum vegna mikils veiðiálags auk nýliðunarbrests haustið 2024. Sumarið 2024 höfðu veiðar gengið erfiðlega á svæði 4, bæði vegna veðurs auk þess sem að illa gekk að finna Mjóafjarðarhópinn. Því var veitt meira en æskilegt var úr Seyðisfjarðarhópi. Seyðisfjarðarhópurinn fannst seint í október 2024 og var þá talinn 38 kýr með einungis 10 kálfa ásamt 26 törfum veturgömlum og eldri, alls 74 dýr. Ekki tókst að finna hópinn í vetrartalningu 2025 en seinni hluta ágúst fréttist af 48 dýrum, 32 kúm með 14 kálfum og 2 ungtörfum á svæðinu. Kvóti ársins 2025 var 10 kýr og 15 tarfar en miðað var við að kýr væru einungis veiddar úr Mjóafjarðarhópnum og ekki yrði leyfilegt að fella kýr norðan Fjarðarár í Mjóafirði. Fellipunktar fyrir árið 2025 hafa ekki skilað sér, en veiðar voru taldar hafa heppnast ágætlega þó að Mjóafjarðarhópurinn hafi haldið sig að mestu leiti á svæði 5, þar sem hann hefur gengið meiri hluta ársins síðustu ár. Það er því lagt til að veiðar úr þeim hópi verði teknar inn í kvótasetningu á svæði 5 og líkt og veiðárið 2024 verði kúaveiðar ekki leyfðar á svæði 4. **Náttúrustofan leggur því til að kvóti ársins 2026 á svæði 4 fari úr 10 kúm og 15 törfum í 5 tarfa.**

Svæði 5

Hreindýrum á svæði 5 er gjarnan skipt í tvo aðskilda hópa, þ.e. Gerpishóp sem að gengur að mestu í Vöðlavík, Sandvík, Hellisfirði og Viðfirði og svo Eskifjarðarhóp sem að samanstendur af dýrum sem ganga að mestu Eskifjarðarheiði, Svínadal og Fagradal. Mjóafjarðarhópurinn hefur gengið lengi á því svæði, og undanfarin ár drýgstan hluta ársins og því ómögulegt að aðgreina hópa. Á fengitíma 2025 náðist, að því er talið er, mjög góð talning á svæði 5 og kom þá í ljós nokkuð meiri fjöldi dýra en reiknað hafði verið með fyrir kvótasetningu 2025. Við síðustu kvótasetningu var áætlaður vetrarstofn um 200-250 dýr en í fengitímatalningunni eftir veiðar fundust 392 dýr á svæðinu, 226 á Gerpissvæðinu og 166 inn á Eskifjarðarheiði en þar er líklega allur Mjóafjarðarhópurinn inni í.

Samkvæmt upplýsingum frá leiðsögumönnum á veiðitíma var talið að tarfahlutföll væru í hærra lagi en skv. niðurstöðum fengitímatalningar virðist svo ekki vera. Þar var hlutfall tarfa af veturgömlum dýrum og eldri 34% en ekki hægt að útiloka að einhverjir tarfar hafi verið búnir að taka sig út úr hópum og ekki sést í fengitímafluginu 14. október. Kvóti ársins 2025 var einungis 10 kýr og 30 tarfar en viðbúið er að stærstur hluti ef ekki allur kúakvótinn sem gefinn var út á svæði 4, 10 kýr, hafi verið veiddur á svæði 5 auk einhverra tarfa. Samt sem áður er ljóst út frá síðustu talningu að auka þarf kvótann nokkuð. Eins og komið hefur fram virðist Mjóafjarðarhópurinn ganga að mestu eða öllu leiti á svæði 5 og því talið rétt að taka þau dýr inn í kvótasetningu á svæði 5 með möguleika á að leyfa skörun yfir í Mjóafjörð sunnanverðan (sunnan Fjarðarár) haldi dýr þar til á veiðitíma. Viðbúið er að á svæði 5 verði um 360 dýr í lok vetrar og miðað við viðbúna nýliðun umfram náttúruleg afföll leggur **Náttúrustofan því til að kvóti á svæði 5 verði hækkaður úr 10 kúm og 30 törfum í 45 kýr og 45 tarfa, alls 90 dýr.**

Svæði 6

Dýrum á svæði 6 er að jafnaði skipt í þrjá hópa þó að sú skipting sé umdeild en hér er þeim skipt í Fáskrúðsfjarðarhóp (einnig kallaður Stöðvarfjarðarhópur), Krossdalshóp (einnig kallaður Breiðdals/Berufjarðar hópur) og svo þá hópa sem að ganga í Breiðdal, Breiðdalsheiði, Skriðdal og á Öxi. Erfitt er að átta sig á fjölda og útbreiðslu síðast nefnda hópsins eða hópanna en hreyfingar GPS merktra kúa gefa til kynna að þær gangi á svæðum 6, 7 og 2. Eins gengur Krossdalshópur á svæðamörkum 6 og 7.

Við kvótasetningu á svæðinu 2025 var miðað við að halda veiðialagi lágu vegna óvissu um samgang dýra á veiðisvæðum 2, 6 og 7 og var útgefinn kvóti 85 dýr, 35 kýr og 50 tarfar, byggt á vetrartalningu 2024. Í þeirri talningu fundust 710 dýr, langmest í Breiðdal, 408 dýr, en þá var Fáskrúðsfjarðarhópur talinn 147 dýr og 155 dýr í Skriðdal, Geitdal og á Öxi.

Í vetrartalningu 2025 fundust 724 dýr, þ.a. 163 í Fáskrúðsfjarðarhópi, 235 dýr í Breiðdal en líklega hefur hluti þeirra dýra, (áætlað u.þ.b. 100) verið úr Krossdalshópi. Í Skriðdal, Geitdal og Öxi voru 326 dýr. Á svo til sama tíma fundust 420 dýr á svæði 2 austan Snæfells og því ólíklegt að um blöndu dýra af svæði 2 hafi verið að ræða. Þó er alls ekki loku fyrir það skotið að hluti þeirra rúmlega 900 dýra sem fannst á veiðisvæði 2 í sumartalningu hafi að hluta átt uppruna sinn í þeim hópum sem að taldir eru á svæði 6 að vetri og á fengitíma. Miðað við fréttir af dreifingu dýra á veiðitíma, ferðir GPS merktra kúa og skráða fellipunkta er nokkuð víst að utan dýra í Krossdalshópi og Fáskrúðsfjarðarhópi er lítið af dýrum annarsstaðar innan svæðamarka 6 nema dreifðir tarfar og svo þau dýr sem að ganga á Austurheiðum, vestan Axarvegur á svæðismörkum 2, 6 og 7.

Svæði 6 var að hluta til talið í fengitímaflugi 14. október 2025, en þá voru 149 dýr talin í Fáskrúðsfjarðarhópnum og 119 dýr sem talin voru tilheyra Krossdalshópi þó að 102 þeirra hafi verið innan svæðamarka veiðisvæðis 7. Í landtalningu 2. október þar sem farið var um Öxi, Skriðdalsmúla, inn á Brattháls og yfir að Hamarsdalsdrögum, þ.e. innst og vestast á svæði 6 fundust 372 dýr. Alls voru þannig talin 640 dýr á fengitíma en samt sem áður voru óleituð svæði í Skriðdal austanverðum, Breiðdal og á Breiðdalsheiði en miðað við viðbúna dreifingu var ekki talið að þar væru mörg dýr. Einnig kann að vera að dýr vanti inn í talninguna innan þeirra svæða sem að þó voru talin dekkuð.

Vísbending um færslu dýra úr vetrarhögum innst á veiðisvæði 6 yfir í burðarsvæði og sumarhaga á 7 og 2 flækir mjög myndina á þessu veiðisvæði. Búast má við að Krossdals- og Fáskrúðsfjarðarhópar muni telja um 330 dýr samanlagt fyrir veiðitíma 2026 en önnur dýr sem koma fram í vetrartalningu muni að stóru leiti halda sig á svæðismörkum eða innan svæða 2 og 7. Þá getur verið erfitt að spá fyrir um veiðialag á Krossdalshóp sem að veitt er úr af kvóta af bæði svæðum 6 og 7. Árin 2021-2024 var áætlað út frá veiðiskýrslum að 46% eða 59 af 128 dýrum felldum úr Krossdalshópi hafi verið felld af kvóta á veiðisvæði 7.

Miðað við þann fjölda sem að fannst í Krossdals- og Fáskrúðsfjarðarhópi á fengitíma eru líkur á að dýrum fækki milli ára ef að veitt er meira en sem nemur 30-40 dýrum úr hvorum hópi. Með tilliti til beitarálags að vetri er mikilvægt að minnka þéttleika dýra. Því þarf að hækka kvóta á svæðum 2, 6, 7 og 8 en til að því markmiði sé náð er æskilegt að aukinn kvóti á veiðisvæði 6 (og á veiðisvæði 7) auki ekki um of álag á Krossdals- og Fáskrúðsfjarðarhóp.

Náttúrustofan leggur því til að kvóti verði hækkaður úr 35 kúm og 50 törfum í 40 kýr og 55 tarfa alls 95 dýr. Lagt er til að ekki verði tekið meira en sem nemur að algjöru hámarki 30-40

dýrum úr hvorum hópi, Krossdals og Fáskrúðsfjarðar en veiðum verði frekar beint innar á svæðið, á Austurheiðar, Öxi, Skriðdalsfjöll og Breiðdalsheiði.

Svæði 7

Erfiðlega hefur gengið að ná nákvæmri mynd af fjölda dýra á veiðisvæði 7 síðustu ár og því var lögð töluverð áhersla á að bæta talningar í ár. Við kvótasetningu árið 2025 var miðað við 560 dýra stofn að vori 2025 sem þótti líklegt vanmat en kvóti var 135 dýr, 65 kýr og 70 tarfar. Í vetrartalningu 2025 fundust 387 dýr, 198 í Geithellnadal, 100 í Búlandsdal, 20 í Melrakkanesfjalli og 69 í Hofs- og Flugustaðadal. Þá var þó talið líklegt að af þeim 300 dýrum sem komu fram í vetrartalningu á svæði 8, hafi verið dýr sem að hafi tímabundið flutt sig af svæði 7. Það er þó töluvert frá því að vera nægjanlegt til að útskýra það sem var álitid vanta á svæði 7 miðað við að í sumartalningu fundust svo 761 dýr á svæði 7, 479 kýr og vetrungar með 241 kálf auk 41 tarfs tveggja vetra og eldri. Í fengitímatalningu á svæði 7 fundust svo 744 dýr en líkast til hafa um 102 þeirra dýra tilheyrt svokallaðri Krossdalshjörð sem tekin eru inn í kvóta á svæði 6. Ef þau eru frátalin fundust 640 dýr á svæðinu, 289 kýr með 174 kálfa auk 153 tarfa þar af 41 veturgamall og 20 ógreind dýr, en svæðið var ekki full leitað. Vitað var af a.m.k. einum 30 dýra hópi í Geithellnadal sem að ekki kom fram í talningu og líklegt er að fleiri hópar hafi ekki komið fram sunnar á svæðinu.

Í sumartalningum finnast tarfar mun síður en kýr og ef litið er til þess að fjöldi tarfa tveggja vetra og eldri á kýr og vetrunga, leiðrétt fyrir veiðum var 0.46 á fengitíma en 0.09 í sumartalningu er líklegt að vantað hafi um 180 tarfa í 761 dýra sumartalningu og sumarstofn því verið um 950 dýr eða um 810 dýr eftir veiðar. Stofnstærð er því að lágmarki 672 dýr en mögulega um 810 dýr sem að er umtalsvert meira en viðmið síðustu kvótasetningar. Miðað við að viðmið um beitarhaga á veiðisvæði 7 skv. flokkun Grólinar ætti vetrarstofn að vera um 490 dýr en fjöldi dýra hefur stöðugt verið töluvert yfir því skv. stofnmati síðan 2008. Miðað við að á svæðinu eftir veiðar hafi verið um 800 dýr og miðað við viðbúin afföll að vetri má ætla að stofnstærð í lok vetrar verði um 788 dýr. Þar sem að fjöldi dýra er umtalsvert yfir þéttleikaviðmiðum er ekki æskilegt að dýrunum fjölgi frekar og **því leggur Náttúrustofan til að kvóti hækki úr 65 kúm og 70 törfum og að veiddar verði 120 kýr og 70 tarfar, alls 190 dýr á veiðisvæði 7.**

Svæði 8

Eins og á svæði 7 hefur gengið nokkuð erfiðlega að fá nægjanlega skýra mynd af fjölda dýra síðustu ár og því var lögð töluverð áhersla á að bæta talningar þar í ár. Við kvótasetningu 2025 var miðað við niðurstöður vetrartalningar 2024 þar sem að fundust 218 dýr. Í þeirri talningu voru tarfahlutföll með hæsta móti, 71% greindra fullvaxinna dýra, eða 120 tarfar og 49 kýr en einnig fundust 20 kálfar auk 29 dýra sem hvorki voru greind til kyns né aldurs. Kvóti á svæði 8 var því miðaður að nokkuð brattri fækkun á törfum og settur kvóti 50 tarfar en engar kýr. Í vetrartalningu 2025 fundust svo slétt 300 dýr á svæði 8 og af 195 dýrum greindum til kyns og aldurs voru 123 tarfar, þ.a. 94 þriggja vetra og eldri. 105 dýr voru ekki greind til kyns og aldurs en skv. upplýsingum frá athugendum var mest um að ræða kýr og kálfa, tarfahlutfall var því á bilinu 41-63% í þeirri talningu. Í sumartalningu á svæði 8 fundust hins vegar 489 dýr, þ.a. 325 kýr og vetrungar, 146 kálfar en ekki nema 18 tarfar tveggja vetra og eldri. Á fengitíma var gerð tilraun til þess að telja svæði 8 aftur en vegna tímaskorts tókst aðeins að leita hluta svæðisins. Í þeirri talningu fundust 182 dýr, 89 kýr með 35 kálfa, 16 veturgamlir tarfar, 7 tveggja vetra, 16 þriggja vetra og eldri auk 19 dýra sem ekki tókst að greina til aldurs og kyns. Miðað við mun á tarfahlutföllum að sumri og á fengitíma að teknu

tilliti til veiða hefði átt að vera viðbúið að heildarfjöldi tarfa að sumri hafi átt að vera nærri 220 og heildarfjöldi dýra því 710 fyrir veiðar og 650 eftir veiðar. Sú tala er ekki trúverðug og líklegra að það úrtak sem að fannst á svæði 8 hafi verið skekkt og að ekki hafi nema um þriðjungur kúa og veturgamalla dýra fundist á fengitíma. Eftir stendur að 325 kýr og vetrungar og 146 kálfar fundust rétt fyrir veiðitíma en enginn kúakvóti var gefinn út á svæði 8 árið 2025. Ef að miðað er við fjölda tarfa í vetrartalningu, 123 og að 50 af þeim hafi verið felldir á veiðitíma standa eftir 73 tarfar tveggja vetra og eldri. Þannig má áætla að á svæðinu hafi verið um 540-600 dýr eftir veiðar. Þó að þetta sé ekki ákjósanleg aðferð við að áætla fjölda dýra á svæðinu teiknast upp mynd sem að verður að teljast raunhæfari en ef fjöldi dýra er reiknaður upp út frá tarfahlutföllum eins og gert var hér framfar. Hvort að hluti þessara dýra gangi að jafnaði á svæði 7 er líklegt en á sama tíma fundust þar eins og fyrr segir 761 dýr og því ljóst að fjöldi dýra á báðum svæðum er hærri en æskilegt telst. Náttúrustofan leggur því til að kvóti á svæði 8 miðist við 540 dýra stofn í lok vetrar en miðað við viðbúna nýliðun í sumarstofn þyrfti að veiða um 130 dýr til að koma í veg fyrir frekari fjölgun. **Náttúrustofan leggur því til að kvóti verði hækkaður úr 50 törfum og að veiddar verði 95 kýr og 35 tarfar á svæði 8, alls 130 dýr.**

Svæði 9

Markmið kvótasetningar á svæði 9 árið 2025 var að draga úr fjölda dýra, þá sérstaklega vestast á svæðinu þar sem suðvestur útbreiðslumörk hreindýra liggja. Þar hefur borið nokkuð á áhyggjum landeigenda um að beitarálag sé mikið. Við kvótasetningu 2025 var miðað við fjölda á svæðinu sem að fannst í nóvember 2024 en þá fundust, að því er talið var, að lágmarki 258 dýr, 115 á Breiðamerkursandi og vestan Steinavatna, en um 143 austar, 90-110 á Mýrum og 53 á Borgarhafnarheiði. Ljóst var að markmiði kvótasetninga fyrri ára, um að fækka dýrum, hafa ekki náðst en fyrra stofnmat var um 180 dýr árið 2023. Kvóti ársins 2025 var því settur 80 dýr, 40 tarfar og 40 kýr. Í vetrartalningu 2025 fundust þó ekki nema 210 dýr af þeim 258 sem talið var að ættu að vera á svæðinu, en hafa verður í huga að svæðið er erfitt til leitar bæði af landi og úr lofti. Í sumartalningu á svæði 9 fundust ekki nema 194 dýr þegar viðbúið hefði verið að tæp 300 dýr ættu að finnast. Veiðar gengu þrátt fyrir það ágætlega og við lok Nóvemberveiða voru 150 dýr á svæðinu samkvæmt upplýsingum frá leiðsögumönnum. Það hefur því tekist að ná fram töluverðri fækkun og vonandi nægjanlegri til draga úr ágangi dýra vestast á svæðinu. Það er því ráðlagt að halda kvóta nærri viðbúinni nýliðun, **Náttúrustofan leggur því til að kvóti á svæði 9 lækki úr 40 kúm og 40 törfum og verði 30 dýr, 15 kýr og 15 tarfar.**

Þakkir

Náttúrustofa Austurlands þakkar öllum þeim leiðsögumönnum og hreindýraáhugafólki sem veittu upplýsingar um fjölda og dreifingu hreindýra árið 2023. Stjórn Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Starfsfólki Atlantsflugs, Roy Andersen, Elin Nisjaløkk og Jóhanni G. Gunnarssyni eru færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Bakkavegi 5 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Netfang: na@na.is
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • www.na.is